

C Q T F



Þann 22. júní síðastliðinn mættu nokkrir ÍRA félagar til að taka niður Force 12 netið sem þjónað hefur félaginu vel frá því að það var fyrst sett upp í Þróttheimum á árinu 1997.
Myndina tók Óskar Sverrisson TF3DC

Í þessu blaði

4. tbl.
24. árg.
sept 2006



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Hvernig reyndist svo dípóllinn	4
Fundargerðir stjórnarfundna	5
Hvert stefnir	6
Smá ferðasaga	7
Hvað er amatörraðið	8
Dimser	10
Sjálfvirk vöktun skilyrða	11
Vetrardagskrá	13
Þankastrik	13
Í.R.A. 60 ára	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmætahjóðarauðind.*
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradiói meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2006-2007 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Hrafnkell Eiríksson TF3HR
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN
Varam.: Þór Magnússon TF3TON
Varam.: Jón G. Harðarson TF3PPN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverjum fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar.

Tilviljanir geta verið nokkuð skrýtnar stundum. Það var einn föstudagsmorgun í sumar að ég var á leið til vinnu og að venju kom ég við í blaðagáminum, sem er hér í nágrenninu, til að henda afrakstri vikunnar af dagblöðum og öðrum auglýsingapésum. Þegar ég kom inni bilinn aftur þá heyrði ég að endurvarpinn á Vaðlaheiði var að lykla út og aldrei þessu vant þá kallaði ég til baka og spurði hvort einhver hefði verið að kalla. Mér til mikillar undrunar þá kom til baka Bandaríkja maður sem var á Drotningu Elísabetu annarri skemmtiferðaskipinu sem var að sigla inn fjörðinn átti ég við hann nokkurra mínútna samtál meðan ég var að keyra í vinnuna. Því miður man ég ekki kallmerkið hans lengur. Hefði hann kallað nokkum sekúndum fyrr þá hefði ég misst af honum því þá var ég ekki inni í bílnum.

Í framhaldi af spennugjafumræðum mínum í síðasta blaði þá veit ég nú að ég er ekki sá eini sem hef lent í vandræðum með þessa spennugjafa. Félagið keypti einn fyrir nýja endurvarpann í Reykjavík og eftir nokkra daga þá gaf hann upp öndina. Áætur amatör á leið hér í gegnum bæinn fyrir nokkru og áttum við ágætis samtál á 2 metrum. Ég fór að tala um þessa spennugjafa og kannaðist hann strax við þá og hafði sömu sögu að segja. Hann var búinn að kaupa fimm stykki sömu gerðar og ég og félagið og höfðu þeir allir gefið upp öndina fljótlega en á mismunandi hátt þó.

Ég pantaði mér spennugjafa frá Bretlandi og þegar ég prófaði hann með Kenwoodinum mínum þá heyrði ég brúmm hljóð frá honum. Ég gerði fyrirspurn til söluaðila og spurði hann um hvort þetta ætti að vera svona. Fékk svar þar sem spurt var um möguleika á Rfi sem ég taldi vera ólíklegt þannig að ég sendi hann til baka og fékk nýjan í staðinn, sem er alveg eins þannig að sennilega á þetta bara að vera svona.

73 de TF5BW

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Ágætu amatörar
Nú í sumar hef ég verið talsvert á ferðalagi um landið ásamt TF3FH og það sem hefur vakið athygli mína er hversu margir hafa verið á 80 metrunum. Eitt kvöldið á Sauðárkróki taldi ég 15 kallmerki og stuttu

seinna á Akureyri voru 10 kallmerki í “loggnum” bæði á CW og á SSB

Seinna þegar ég var á vesturlandi og vestfjörðum var ekkert kvöld eða morgun sem ég gat ekki haft samband “suður”. Þetta vakti athygli mína vegna þess að fyrir örfáum árum var það aðeins ein stöð sem maður gat reitt sig á að var alltaf á hlustvakt en þar á ég við TF3FK sem nú sem fyrr er alltaf mættur til að hlusta. En ég er ekki sá eini sem hefi verið á ferðinni þrjár til fjórar aðar /M hafa verið á bandinu og verið virkar.

Nýafstaðnir útileikar voru til marks um þessa miklu fjölgun en mér er sagt að sá sem hafði flest samböndin hafi bókað yfir 50 QSO og ég man ekki eftir því að hafa heyrt af svo mörgum samböndum.

Nokkrir hafa komið að máli við mig eftir leikana og óskað eftir því að reglurnar verði einfaldaðar hvað varðar útreikninga. Ég hyggst leggja fram þá tillögu í stjórn að við fáum einhvern til þess að taka þetta að sér og kynna fyrir félagsmönnum fyrir en seinna.

Einnig að við setjum betri mörk hvað varðar svæðisskiptinguna en þar er nú víst aðallega átt við hvar mörk TF0 eru. Eftir því sem ég best veit er þessi skipting

nokkuð sem við getum ákveðið sjálfir. Best væri að þetta væri afmarkað landfræðilega en ekki eftir því hvar maður kemst í rafmagnsinnstungu.

Nú er afstaðin vitahelgin sem tókst alveg frábærlega þó svo að kannski hefði verið skemmtilegt að fá fleiri bókuð QSO þá var félagsskapurinn og samveran þarna í vitanum frábær. Menn skemmtu sér við að setja upp allskonar loftnet og að gera tilraunir með gömul og þekkt net og einnig að setja upp nýjar gerðir af netum og vonandi skilar það sér í greinum í blaðið. Hámarki náði svo helgin þegar TF3ING bauð til mikillar kjötsúpuveislu á laugardagskvöld. Fyrir hönd okkar sem þarna vorum þakka ég fyrir og sérstakar þakkir til eiginkvenna Guðmundar og Georgs TF3LLN sem elduðu súpuna.

Það sem er framundan í félagsstarfinu er það helst að nú hefur stjórnin boðið til veislu öllum þeim sem hafa fengið úthlutað kallmerki, hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Tilefnið er vitanlega 60 ára afmæli Í.R.A en félagið var stofnað 14.ágúst 1946 eftir að ný reglugerð um starfssemi amatöra var sett.

Weislan verður að Stangarhyl 4 laugardaginn 2.sept nk. Ég vil nota þetta tækifæir til þess að hvetja alla til að koma og fagna þessum tímamótum með okkur.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvort námsskeið verði haldið nú í haust. Aðeins tveir aðilar hafa haft samband við mig hvað þetta varðar. Ef þið vitið af einhverjum sem hafa áhuga þá látið vita sem fyrst því við höfum ekki mikinn tíma ef við ætlum að gas þetta í haust. Með bestu kveðjum

Haraldur Þórðarson, TF3HP

Hvernig reyndist svo dípóllinn

Andrés Þórarinnsson TF3AM



TF3AM

Það var fyrri hluta júní sl sem lóðrétti dípóllinn var reistur austur í Grafningi, 21m hár og þrælstagaður á 6 hæðum í 4 áttir. Hvor leggur dípólsins er 9m, og efst og neðst eru rýmdarhattar enda tilgangurinn að senda út gott merki á neðri böndunum undir lágu horni.

Aðhæfingin er gerð inni í bústað og því var lagður 450ohm flatkapall á milli. Mér hafði reiknast til að 55m langur kapall myndi gera mér kleyft að fara út á 160m, 80m og 40m með ágætum impedansi inni í bústað. Vandamálið var að koma slíkum kapli fyrir og best væri ef hann hvorki veðraðist né flæktist fyrir öðrum. Niðurstaðan varð sú að draga hann í plastbarka og láta barkann einfaldlega liggja á jörðinni. Ég hitaði smá bít af barkanum í örbygljuofni fyrst í 1 mínútu, svona rétt til að prófa hvort hann

hitnaði en svo var ekki.

Það gekk vel að tjúna út á 40m og 80m og balanseraði straummælirinn sýndi jafnan straum í báðum leggjum. En 160m voru annað mál, MFJ tjúnerinn minn réð ekki við að aðhæfa þar. Svo var allt klárt, reynslusambönd á 40m og 80m til Evrópu báru með sér að merkið væri sterkt.

IARU keppnin var 8. - 9. júlí í 24 klst, byrjaði á hádegi laugardags og endaði á hádegi sunnudags. Það er ágætis fyrirkomulag. Ég var mest spenntur að sjá hvernig kvöldið og nóttin yrðu á 40m og 80m enda hafði ég áður aldrei náð neinum samböndum til Evrópu í stærri keppnum, til þess eru trúflanir frá öðrum allt of miklar. En nú gekk betur, allmörg sambönd voru við Evrópu á 80m og nokkur á 40m, og einnig við USA og Japan.

Framhald á blaðsíðu 14



Sjakkurinn kominn á staðinn og tilbúinn til notkunar

Fundargerðir stjórnarfunda

Hrafnkell Eiríksson TF3HR



TF3HR

Fundargerð stjórnarfundar ÍRA.

Fundur haldinn 4. maí 2006 kl. 19:00

Mættir: TF3HP, TF3AO, TF3HR, TF3SNN
TF3GW boðar forföll vegna kennslu á amatörnámskeiði.

ÍRA hefur fengið afnot af geymslu í kjallara félagsheimilis. Dót í QSL herbergi verður flutt niður í geymsluna og QSL herbergi verður breytt í nýjan shack.

TF3GB baðst lausnar frá störfum úr stjórn fyrir fundinn. TF3HR ritar fundargerð í hans stað og tekur sæti í aðalstjórn fram að aðalfundi.

TF3GB ætlar að þjálfa TF3PPN í QSL buro umsýslu. Þeir munu fyrst um sinn starfa að því saman.

Stjórn ÍRA leggur til að TF3GB verði veitt silfurmerki félagsins fyrir góð störf í þágu þess gegnum árin.

TF3AO lagði fram þann ársreikning sem lagður verður fram til samþykktar aðalfundar. Ársreikningurinn hefur verið yfirfarinn af endurskoðanda félagsins.

Ekki hefur en tekist að stilla þann endurvarpa sem var keyptur sem nýr TF3RPC. Íslenskur sölu- og þjónustuaðili hefur ekki en getað aðstoðað við lausn málsins. Því verður gerð krafa um að þeir útvegi nýjan endurvarpa eða taki þennan aftur.

TF3HP tilkynnti að áhugahópur um APRS muni gangsetja á morgun endurvarpann TF3RPF. Það er APRS digipeater á

144.800MHz. Hann verður fyrst um sinn staðsettur í Espigerði þar sem TF3RPC var en ætlunin er að færa hann á Skálafell að fenginni reynslu.

Núverandi stjórn leggur til í þau embætti sem þarf að kjósa í á næsta aðalfundi:

TF3HR gefi kost á sér í aðalstjórn
TF3PPN og TF3TON gefi kost á sér í vara-stjórn

SteppIR loftnet hefur verið pantað fyrir félagstöðina.

Þrifa þarf félagsheimili fyrir aðalfund. TF3SNN mun kalla til mannskap í þrif.

Búið er að sækja um að Póst- og FjarSKIPTASTOFNUN haldi próf fyrir nýja radióamatöra þann 17. maí næstkomandi.

Fundið slitið kl 20:00.

Fundargerð ritaði TF3HR

Fundargerð stjórnarfundar ÍRA.

Fundur haldinn 1. júní 2006 kl. 19:00

Mættir: TF3HP, TF3AO, TF3SNN, TF3HR, TF3GW, TF3PPN
TF3TON fjarverandi vegna vinnu erlendis

Ný stjórn skipti með sér verkum þannig að hlutverk þeirra meðlima stjórnar sem halda áfram frá fyrra ári er óbreytt en þó með þeim breytingum að Hrafnkell TF3HR flyst úr varastjórn í aðalstjórn og tekur sæti ritara. TF3PPN og TF3TON koma nýir í varastjórn. TF3GB er hættur í stjórn. TF1VG er hættur í varastjórn. Stjórnin þakkar TF3GB góð störf og þakkar einnig TF1VG fyrir setu í varastjórn.

Stjórn felur ritara að láta Póst- og FjarSKIPTASTOFNUN, NRAU, IARU region 1,

Framhald á blaðsíðu 14

Hvert stefnir

Niels J. Kristjánsson TF3NJ



TF3NJ

Fyrir stuttu síðan hitti ég kunningja minn sem var á leiðinni í lax og þar sem við sátum yfir kollu spurði hann mig hvort ég væri ennþá að morsa. Ég jánkæði því og þá eins og hann hefur oft gert

áður benti hann mér á að það væri búið að finna upp bæði síma, netið og rafpóst. Ég benti á að það væru til fiskbúðir og því ekki nokkur ástæða til að vera að hálf drekkja sér í vatnsmiklum ám og hafa svona mikið fyrir því að ná í nokkur fiskbein.

Við hlógum báðir dátt en samt sem áður er nú sannleikurinn sá að við þurfum hvorugir að stunda þetta sem vekur þá spurningu hvers vegna við séum yfir höfuð að standa í þessu hvor með sitt áhugamálið. Það er til fræg setning sem hljóðar á ensku “It is the medium, not the message” sem útleggst á þann veg að það er ekki innihaldið sem skiptir öllu máli heldur miðillinn sjálfur.

Kjarni málsins er nefnilega sá að það hafa ekki allir áhuga á því sama (sem betur fer) og áhugamálin eins mörg og manneskjurnar sem stunda þau og tilgangurinn kannski ekki öllum jafn ljós.

Ég var um daginn á klúbb fundi þar sem ég er félagi og eins og oft áður tók ég eftir því að meðal aldur viðstaddra var hærri en minn og veldur það mér alltaf töluverðum áhyggjum. Sem félagi í nokkrum samtökum og klúbbum sem tengjast þeim áhuga málum sem ég hef er þetta orðið reglan frekar en undantekning að meðal aldurinn sé hærri en minn aldur sem er rétt kominn yfir hálfá öld. Það er allt of lítið um nýtt blóð og eru radióamatörar langt í frá

því að vera einir á báti hvað þetta varðar.

Því er oft borið við að það sé svo margt sem keppi um frítíma og athygli fólks og það sé erfitt að fá fólk í eitthvað sem ekki gefur árangur strax þannig að fólkinu leiðist og það fari þá bara í eitthvað annað sem ekki sé eins krefjandi og jafnvel kosti minni tíma og peninga. Oft vill það nú vera að félagasamtök eru dugleg að vekja athygli á sér og sinni starfsemi, jafnvel nái að vekja áhuga einhverra en allt fellur síðan um sjálfst sig þar sem þessu er ekki fylgt nægjanlega eftir.

Eins eru klúbbar þar sem félagar eru búnir að þekkja hvern annan í fjölda ára og er verulega erfitt fyrir utanaðkomandi og eða nýja féлага að finnast þeir tilheyrja hópnum og hrökklast því burt. Það er mín einlæga trú að allir klúbbar og félagasamtök sem ekki vilja daga uppi á dögum internets og upplýsinga tækni verði nú að fara að taka sig saman í andlitinu og gera eitthvað í málunum. En hvað er til ráða? Hvernig væri til dæmis að hver félagi tæki með sér nýjan gest á tvo eða þrjá fundi í röð, ekki endilega sama gestinn í hvert skipti, hver veit kannski kviknaði bakterían í einhverjum.

Það er ekki nóg að heyra um hlutina fólk verður líka að fá að sjá og þreifa á hlutunum. Eins er alltaf gott að vera ekki sá einn nýr í hópi dellupresta og vill það taka obbann af feimninni. Það væri hægt að skipa umsjóna mann nýrra féлага sem hefði það hlutverk að halda í hendina á og leiða nýja féлага. Það er greinilega ekki til nein “patent” lausn á þessu en ég held að klúbbar og félagasamtök geti sjálfum sér um kennt að stórum hluta og nú sé komið

Framhald á blaðsíðu 14

Smá ferðasaga

Georg Magnússon TF3LLN



TF3LLN

Fyrir stuttu skrápp undirritaður í stutta ferð um landið. Að sjálfsögðu var tekin með talstöð og tilheyrandi búnaður.

Stöðin er af gerðinni ICOM IC-706MKIIG, loftnetsstillir frá MFJ tegund MFJ – 927 og síðan heimasíðað loftnet, dípóll gerður úr 6q margþættum rafmagnsvír og fæddur með UG – 58. Leggimur eru 19,7 metrar að lengd. 8 metrar af coax kaplinum eru vafðir upp á 100 mm svert plast rör, sem að sjálfsögðu var prufað í örbylgju ofni.

Þessi spóla er fengin af heimasíðu Ham universe og kallast þar “The ugly balun” Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd set ég rör aftan á pallhúsið á bílnum og er það tæplega 4 metrar á hæð. Til endanna eru svo hafðir eins meters háir rafmagnsgirðingastaurar og stagað í báðar áttir.

Fyrsti eiginlegi áfangastaðurinn 9. júlí s.l. var Þakgil, afskaplega fallegur og sér-

stakur staður rétt fyrir innan Vík í Mýrdal.
Framhald á blaðsíðu 14



Hvað er amatörradíó

Hrafnkell Eiríksson TF3HR

Hvað er amatörradíó?

- Áhugamál tengt tækni, vísindum, fjarskiptum og náttúruskoðun.
- Félagsskapur tækniáhugamanna.
- Alþjóðleg hreyfing.
- Ótæmandi brunnur reynslu og uppgötvana í sjálfsnámi.
- Margt margt fleira.



Í samskiptum radióamatöra er ýmist talað saman, morsað, höfð samskipti milli tölva bæði beint og gegnum gervihnetti. Félög radióamatöra reka endurvarpa og tengja þá jafnvel saman yfir Internetið. Radióamatörar gera tilraunir með loftnet, sendi- og viðtökubúnað og smíða eigin búnað í lærdómsskygni. Radióamatörar safna staðfestum samböndum við fjarlæga staði og skiptast á staðfestingarkortum (QSL kort).

Hvað þarf til að “komast í loftið”

- **Standast leyfispróf.** Til að mega nota tíðnisvið amatöra þarf leyfisbréf frá Póst- og fjarskiptastofnun. Það fæst gegn því að standast próf. Tvennslags leyfi eru í boði:
 - N-leyfi:** Grunnleyfi. Takmarkað sendiafl, krefst grunnþekkingar í rafmagns- og radiófræðum ásamt helstu lögum og reglugerðum um fjarskipti.
 - G-leyfi:** Almennt leyfi. Hærra sendiafl, staðgóð þekking í rafmagns- og radiófræðum, m.a. loftnetum og bylgjuútbreiðslu.
- **Setja upp loftnet.** Almennt má segja að hver tíðni þurfi sér loftnet. Stærð loftneta eykst með lækkandi tíðni. Loftnet fyrir stuttbylgju fjarskipti eru mæld í tugum metra og oft útfærð með löngum lóðréttum stöngum eða löngum vírum strengdum milli húsa. Loftnet fyrir VHF og UHF svipar til sjónvarpsloftneta að stærð.
- **Útvega sendimóttakara.** Sendimóttakari er tæki bæði til að senda og taka á móti radiófjarskiptum. Flestir kaupa sér sendimóttakara. Einnig er hægt að smíða tæki sjálfur hafi menn tíma.
- **Útvega aukabúnað.** Ætli menn að stunda stafræn tölvufjarskipti þarf tengibúnað milli tölvu og sendimóttakara. Morslykil þarf fyrir morsfjarskipti. Loftnetsaðlögun gæti þurft fyrir sum loftnet o.s.fr.

Um félagið

- Íslenskir radióamatörar hafa með sér félag: ÍRA
- Opið hús á fimmtudagskvöldum frá kl. 20:00
- Félagið rekur veglega klúbbstöð sem félagsmenn hafa aðgang að.
- Gefur út gagnlegt fréttabréf, CQ-TF, heldur úti vefsíðu og tölvupóstlista.
- Félagsmenn fúsir til aðstoðar og miðlunar reynslu.
- Félagið rekur QSL korta þjónustu.
- Félagið stendur reglulega fyrir námskeiðum fyrir nýja radióamatöra.



Tíðnisvið amatöra

Amatörar mega stunda fjarskipti sín á ákveðnum tíðnisviðum, allt frá langbylgjusviðinu og upp í örbylgjusviðið. Hvert tíðnisvið hefur sína eiginleika og notagildi. Hér eru þau helstu talin upp:

Tegund	Tíðni	Notkun
Mið- og stuttbylgja	1,8MHz 3,5MHz 7MHz 10MHz 14MHz 18MHz 21MHz 28MHz 50MHz	Milli landa, innanlands
VHF	144MHz	Staðbundið, gervihnettir
UHF	440MHz	Staðbundið, gervihnettir

Áhugaverðar vefslóðir

Heimasíðu félagsins er að finna á: <http://www.ira.is/>
 Félagið rekur póstlista:
<http://groups.yahoo.com/group/irapostur/>
 ARRL er ameríska amatörafélagið: <http://www.arrl.org/>
 Gervihnattafélag amatöra: <http://www.amsat.org/>
 Umfjöllun um búnað má finna á: <http://www.eham.net/>

Nokkrir tækjaframleiðendur

Icom <http://www.icomamerica.com/>
 Kenwood <http://www.kenwood.net/>
 Yaesu <http://www.yaesu.com/>
 Elecraft <http://www.elecraft.com/>
 Small Wonder Labs <http://www.smallwonderlabs.com/>

Þetta er tillaga að einblöðung (báðar hliðar) sem ég hef útbúið sem kynningarblað sem hægt er að rétta þeim sem hafa áhuga á að vita hvað amatörradíó er. Ég óska eftir athugasemdum um hvernig megi bæta þetta blað og eru félagar hvattir til að hafa samband.

73 de TF3HR Hrafnkell

Dimser

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Í framhaldi af spennugjafamálunum sem talað er um á öðrum stað í blaðinu þá fór ég að velta þessum RF málum fyrri mér og þrátt fyrir að hafa ekki orðið var við RF í sjakknum síðan ég var með langan vír beint inni sjakkinn og í tjúner þá fór ég að hugsa

um hvort einhver möguleika væri á að mæla þetta á auðveldan hátt.

Ég minntist á þetta við TF3VS sem sagðist eiga mælir sem hægt væri að nota til viðmiðunar og var hann svo vinsamlegur að lána mér hann. Ég mældi síðan á ýmsum stöðum og sá að RF var á ferðinni víða þó ekki væri það í miklu magni. Með því að leggja leiðslur öðrúvísi og hagræða ýmsu til og frá var hægt að minnka þetta töluvert. Það skrytna við þetta allt saman var þó að þegar gerði hressilega rigningu þá hvarf RFið inni í sjakknum sem bendir til að vandamálið sé úti við loftnet eða turninn en hann er uppá strompinum á húsinu og er ekki jarðbundin.

Mér fannst þessi mælir svo sniðugur að það endaði með því að TF3VS gaf mér hann og þakka ég honum fyrir það.

Eins og sjá má á myndunum hér til hægri þá er þetta microampermælir kvarðaður uppí 200 microamper og hann þarf helst að vera þannig. Aftan á hann eru tengdar 2 díóður sem snúa sitt á hvað og við þær er síðan lóðað loftnet sem er einþáttur vír snúin saman þannig að úr verður um það bil 10 sentimetra lengja og þær með er þetta komið. Vona að einhver geti notað sér þetta.

73 de TF5BW



Sjálfvirk vöktun HF skilyrða

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

Hin síbreytilegu skilyrði til HF-fjarskipta (fjarskipta á stuttbylgju) skipta radióamatöra miklu máli. Þau eru sem slík heillandi viðfangsefni og með reynslunni lærist okkur hvenær má eiga von á

skilyrðum til Evrópu á 40 m bandinu, til Norður-Ameríku á 20 m eða til Japan á 10 m. Radióvitarnir (*e. beacons*) eru sendar sem gefa frá sér merki á tilteknum tímum og tíðnum, og með því að hlusta á þá með reglubundnum hætti er unnt að átta sig á hvernig fjarskiptaskilyrðin til þeirra breytast. Hér verður fjallað um tækni sem auðveldar radióamatörum að byggja upp þekkingu á fjarskiptaskilyrðunum.

NCDXF/IARU radióvitarnir

Fyrsti radióviti félagsins Northern California DX Foundation (NCDXF) var settur upp árið 1979 og sendi merki á fimmtán mínútna fresti á 14,100 MHz. Radióvitunum var fjölgað, síðar komu alþjóðasamtök radióamatöra, International Amateur Radio Union (IARU) að verkefni og núna eru radióvitarnir NCDXF-/IARU samtals 18 og þeim er dreift víðs vegar um jörðina. Vitarnir senda merki á 14,100, 18,110, 21,150, 24,930 og 28,200 MHz í tiltekinni tímaröð. Fyrst er sent kallmerki hvers vita á morsi (CW), en síðan koma stuttar ómótaðar burðarbylgjur sem sendar eru með 100, 10, 1 og 0,1 W afls. Hver viti sendir í 10 sekúndur á einni tíðni, skiptir svo yfir á næsta band og svo koll af kolli þar til hringurinn er endurtekinn. Sendingar vitanna skarast jafnframt þannig að einungis einn sendir í einu á hverri tíðni. Með því að hlusta á einhverja senditíðnina í

nokkrar mínútur má fá hugmynd um hve góð skilyrði eru, ef einhver, til hvers radióvita og þar með landsvæðisins í nágrenni hans. Nánari upplýsingar um radióvitana og sendingar þeirra má t.d. finna á vefslóðinni

www.ncdxf.org/Beacon/intro.html.

Faros – sjálfvirk vöktun

Um nokkurn tíma hafa verið til ýmis forrit og búnaður til að vakta með sjálfvirkum hætti merkin frá radióvitunum. Nýjasta innleggið þar er forritið Faros frá VE3NEA (Afreet Software, www.dxatlas.com). Með þessum hugbúnaði getur PC-tölva stýrt stuttbylgjuviðtæki, hlustað eftir hverjum radióvita og skráð móttækinn styrk hans með sjálfvirkum hætti.

Það sem þarf til er PC-tölva með hljóðkort og nettengingu (til þess að tryggja rétta klukkustillingu), viðtæki (eða sendiviðtæki) sem unnt er að stýra með tölvu og samskiptakapal til þessa, einfalt loftnet og svo hugbúnaðinn Faros, sem er ókeypis til reynslu en annars mjög ódýr. Þetta kerfi keyrir svo viðstöðulaust, án þess að nokkur þurfi að koma nærri, og skráir í tölvuna upplýsingar um móttöku radióvitanna. Styrkur radióvitanna er skráður, en ennfremur gefur nákvæm tímasetning kost á að meta hvort merkin hafi borizt styttri eða lengri leiðina (*long path*) umhverfis jarðkúluna. Upplýsingarnar eru færðar í skrár, sem lesa má úr og vinna með frekar. Ennfremur eru upplýsingarnar settar fram á grafískan hátt, þar sem auðvelt er að fá yfirlit um skilyrðin á hverju tíðnisviði til hvers radióvita.

Þar sem kerfið vakir yfir skilyrðunum dag og nótt finnur það oft opnanir sem koma á óvart. Ég hef keyrt þetta kerfi undanfarinn

mánuð og t.d. komizt að því að 10 m bandið hefur býsna oft verið opið til tiltekinna svæða þótt aldrei hafi ég hitt á slíkar opnanir þá sjaldan sem ég hef skannað yfir tíðnisviðið. Ennfremur er staðfest að nær undantekningalaust eru góðar opnanir til Nýja-Sjálands á hverjum morgni í kringum kl. 6, eins og t.d. Villi, TF3DX, hefur lengi nýtt sér. Hér eru nokkur sýnishorn úr þeim mánaðargamla gagnagrunni sem ég hef nú þegar safnað saman fyrir skilyrði til Íslands:

ZL (Nýja-Sjáland) heyrir nær undantekningalaust vel um kl. 6 á morgnana á 20 m. Mun sjaldnar og verr heyrir þó frá Ástralíu.

VE8 (nyrzt í Kanada) heyrir stundum allt frá 14 til 28 MHz, síðla kvölds og fram yfir miðnætti.

KH6 (Hawaii) heyrir einkum frá kl. 4 til 7 á morgnana, á 14 og 18 MHz.

CS3 (Madeira) heyrir oft allt frá 14 til 28 MHz, um og fyrir hádegi og svo aftur kl. 18 til 22.

Margar þessar opnanir verða að nóttu, þegar flestir sofa værum svefni, eða á daginn meðan fólk er almennt í vinnu. Fyrir vikið missum við oft af þessum skilyrðum og þekkjum síður til þeirra, en með sjálfvirkri vöktun er auðveldara að kortleggja þær og gera ráð fyrir þeim.

[Sjálfvirk vöktun á vefinn](#)

Í stað þess að radióamatörar hérlendis stunduðu slíka vöktun hver um sig, væri þarft framtak að við sameinuðumst um eina stöð sem stundaði þessa sjálfvirku vöktun. Skilyrðin fyrir merkin eru þau sömu hingað til lands, a.m.k. til höfuðborgarsvæðisins, og því dugar ein stöð fyrir þann hóp sem er hér. Í framhaldinu gæti reyndar verið forvitnilegt að bera saman skilyrðin til höfuðborgarsvæðisins og annarra lands-

hluta.

Stærsti hluti kostnaðarins fælist í viðtækinu og í tölvunni. Viðtækið mætti fá notað (t.d. pantað á eBay) og í mínu tilviki hefur gömul 500 MHz tölva dugað, sem ég fékk á fimm þúsund krónur og nota með radiótækjunum. Þá þyrfti lágmarksvinnu við að setja upp vefsíðu þar sem birta mætti grafísku gögnin eða gefa kost á að hala niður gagnaskránum, fyrir þá sem vildu vinna nánar úr þeim. Með þessu móti gæti hver sem er skoðað vef stöðvarinnar og fylgzt með skilyrðunum hverju sinni eða aftur í tímann. Við þetta mætti svo bæta skráningum á sólblettastöðu, Kp-gildum og öðrum upplýsingum sem tengjast fjar-skiptaskilyrðum, en með þessu yrði til gagnabanki sem gagnaðist ekki aðeins radióamatörum heldur öðrum sem áhuga hafa á að greina þá þætti sem hafa áhrif á skilyrðin.

Æskilegt væri að þessi móttökustöð væri á föstum stað til lengri tíma, svo að gögnin yrðu sem sambærilegust frá ári til árs. Hugsanlega kæmi til greina að leita til Raunvísindastofnunar HÍ eða einhvers háskólanna um að styðja þetta verkefni með því að hýsa búnaðinn og gefa leyfi fyrir uppsetningu loftnetsstangar. Gögnin sem safna má með þessum hætti gætu einmitt verið góður efniviður fyrir nemendur og fræðimenn á sviði eðlisfræði og fjar-skiptaverkfræði.

Hér er um að ræða verkefni sem verðugt væri að ÍRA eða hópur radióamatöra kæmi í framkvæmd. Verkefnið mundi gagnast öllum radióamatörum hérlendis sem nota stuttbylgjur til fjar-skipta og þar yrðu til gögn sem gætu orðið afar áhugaverð til fræðilegrar úrvinnslu og greiningar til lengri tíma. Sólblettalágmarkinu verður væntanlega náð snemma á næsta ári og gott markmið væri að gagnasöfnunin væri hafin þegar ný sólblettalota hefist.

73 de TF3KX (tf3kx@simnet.is)

Vetrardagskrá

Pór Þórisson TF3GW

Vetrardagskrá Í.R.A. fyrir veturinn 2005-2006 er áætluð eins og eftirfarandi upptalning segir til um. Hugsanlega breytast dagsetningar á einstökum liðum þar sem ekki er ljóst hvort þeir sem eru með fyrirlestrana geti mætt á ætluðum tímasetningum t.d. vegna vinnu og fl. Allar breytingar verða tilkynntar á Í.R.A. póstinum svo fljótt sem auðið er ef með þarf. Á eftir hverjum fyrirlestri verður svarað spurningum sem upp koma. Boðið verður upp á léttar veitingar gegn vægu gjaldi á fyrirlestrunum. Og munið: “ Eftir einn eki neinn. “

September.

Laugardaginn 2. kl. 14: verður afmælisamsæti Í.R.A. sjá heimsenda boðsmíða.

Laugardaginn 9. er ráðgert að setja samann steppir loftnetið og fl. Ef til vill einnig á sunnudeginum. Verður tilk. Nánar síðar.

Oktober.

Fimmtudaginn 12. kl. 20:30 verður TF3MA með fyrirlestur, efni ákveðið síðar.

Nóvember.

Fimmtudaginn 16. verður um ræðukvöld um svæðisskiptinguna fyrir landið.

Janúar.

Laugardaginn 20. kl. 14:00 verður haldinn almennur fundur um allt það sem við kemur starfssemi Í.R.A. og eins því sem ykkur dettur í hug. Að sjálfsögðu verður heitt á könnunni ásamt meðlæti eins og hver getur í sig látið.

Febrúar, mars og apríl óráðstafað.

Mái.

Aðalfundurinn.

Aðra fimmtudaga en hér eru taldir upp er opið hús eins og venjulega.

73 de TF3GW varaformaður Í.R.A.

Pankastrik

Andrés Þórarinnsson TF3AM



TF3AM

Ég kom við á svæðisfundi amatöra, sem haldinn var í Jackson hole í Wyoming, þetta var WIMU fundurinn sem haldinn er fyrir Wyoming, Idaho, Montana og Utah. Áður voru þessir fundir árlegur viðburður en 10 ár eru liðin frá síðasta fundi. Það var vel mætt, um 80 höfðu tilkynnt þátttöku en tvöfalt fleiri mættu, velflestir rosknir en í góðum gir.

Mér var vel tekið, margir höfðu haft samband við TF stöðvar og þekktu menn með nafni, sérstaklega þá Sæla 3AO, Sigga 3CW og Gulla 8GX og báðu fyrir kveðjur til þeirra. Þar Marc WR2I, sem var hér á landi sumarið 2003 og heimsótti IRA, honum líkaði dvölin vel og bað fyrir kveðjur til Sæla og Gulla og annarra sem reyndust honum vel. Dóttir þeirra hjóna var skýrð íslenska nafninu Jóhanna.

Út er komið ágústhefti tímaritsins CQ, þar sem birt er niðurstaða CQ WW DX SSB keppinnar sem haldin var 29. - 30. október 2005. Þátttaka var afar góð eins og ævinlega. Eftirtektarverður var árangur okkar besta manns, TF3ZA með 3038 sambönd og 1.188.984 stig. Þetta er árangur á heimsælikvarða enda fjöldi þjóða með engan mann sem nálgaðist þessa stigagjöf. Til hamingu, Jón Ágúst.

73 de TF3AM

**Munið
félagsgjöldin**

Hvernig reyndist svo dípóllinn frh.

Alls var ég að í 16 klst, og tókst í tvígang að halda tíðninni á 20m, þá gekk vel. Samböndin urðu 472, þar af 12 á 80m, 37 á 40m, 408 á 20m, 15 á 15m, og stigin urðu 164þ. Þetta er einn besti árangur sem ég hef haft. Þótt samböndin hafi ekki verið mörg á 80m og 40m, þá voru stigin mikilvæg. Það er greinilegt að nýji dípóllinn skilar sínu með ágætum.

Skilyrðin voru ekki góð, t.d. hurfu 20m í tvígang á þegar liðað var fram að hádegi á sunnudag en svo kom bandið aftur upp sæmilega. Þegar heim var komið sást á línuritunum hjá Matta TF3MA að segulsviðið hafði verið mjög stillt um helgina sem er gott og á norðurljósakortum sást að þau höfðu verið í algjöru lágmarki allan tímann sem einnig er gott.

73 de TF3AM

Fundargerðir stjórnarfunda frh.

póstlistann irapostur, CQTF og heimasíðu vita af stjórnarbreytingum.

TF3HP stingur upp á að halda afmælisveislu vegna 60 ára afmælis félagsins.

Umræður í framhaldinu þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

Rætt um að fá skemmtilegan sal.

Rætt um að bjóða gestum fyrir utan félagið, þá sérstaklega:

Póst- og Fjarskiptastofnun

Samgönguráðuneyti

ÍTR

ORG

Rætt um að kanna möguleika á styrk frá yfirvöldum.

Umræður um dagskrá sem vekur áhuga:

Utanaðkomandi gestir með áhugaverð erindi, hugsanlega erlendis frá

Sýning á sögulegum og nýjum amatör-gripum

Sýning frá söluaðilum búnaðar sem

amatörar hafa áhuga á.

TF3GW tekur að sér skipulagningu Samþykkt var að stefna að helginni 26-27 ágúst.

TF3AO tilkynnti að SteppIR loftnet væri komið til landsins.

TF3HR tók að sér skipulagningu vita-helgarinnar við Knarrarós.

Fundi slitið kl 20:00

Fundargerð ritaði TF3HR

Hvert stefnir frh.

að því að setjast niður, gera hernaðaráætlun og bæta um betur svo það fari ekki fyrir okkur eins og náttrollum.

Mér datt þetta nú bara svona í hug.

73 de Niels TF3NJ

Smá ferðasaga frh.

Við vorum ekki í Þakgilinu sjálfu heldur í næsta dal en þar var meira rými fyrir loftnetið því tjaldstæðin voru þéttsetin.

Staðsetningin var 63°31,208 N og 18°54,186 W. Þarna átti ég samtöl við meðal annars TF3IGN/2, TF3DX, TF3ARI, TF8GX, TF1PB og TF1JI. Allir voru sterkir 7 - 9 og með gott merki á 3633 kHz og einnig var mikið um að vera á öðrum böndum og margar sterkar stöðvar á ferðinni.

Næsti áfangastaður var við Langasjó. Það var þoka og súld og ekki átti ég von á því að geta haft nein sambönd að gagni en raunin varð önnur. Smávegis QRM var en engu að síður náði ég mörgum góðum samböndum. Margir voru í loftinu og má þar nefna TF8GX, TF3BM, TF3IGN/2, TF3ARI og fleiri. flestir sterkir og góðir.

Þriðji áfangastaðurinn var við Mývatn, ætt

nánar tiltekið við Grjótagjá. Mjög gott var í loftinu allir sterkir og góðir +20 og yfir. Ágætt samband náðist við TF3DX sem var í bíl við Kirkjubæjarklaustur. Ágætt samband náðist við TF1JI á 1850 kHz.

Næsti áfangastaður var Langanes. Því miður bauð veðrið ekki upp á það að hægt væri að stoppa yst á Fontinum og því var haldið að Skálum.

Þetta tókst bara nokkuð vel og var hann sterkur og góður sem og allir sem haft var samband við. TF3DX var á ferðalagi með lítinn CW sendi og heyrði ég mjög vel í honum eða allt upp í +20. Til viðbótar þeim sem áður hafa verið nefndir komu einnig í loftið TF3GB, TF og TF3XON. Þá gerði TF3ARI tilraun með loftnet í flugdreka og náðist ágætt samband við hann á 3633 kHz. Ég átti nokkur góð sambönd erlendis á 80, 40 og 20 m.

Síðasti áfangastaðurinn í ferðinni var Siglufjörður. Ekki átti ég nú vona á góðum samböndum þaðan þar sem fjörðurinn er lokaður og þröngur en í ljós kom að ljómandi skilyrði voru þrátt fyrir leiðinda veður. Samband náðist við TF1PB, TF8GX, TF3IGN, TF8SM og að sjálfsögðu var TF5SLN hvellsterkur.

Niðurstaðan er því að svona loftnet hentar vel til sambanda innanlands og utan þegar skilyrðin eru góð. Einfalt og ódýrt. Með því að skera það rétt fyrir 3633 kHz mætti örugglega sleppa spólunni eins og TF3DX hefur bent mér á en hún er frekar þung og hentar ekki á rápsöng.

Að lokum vil ég þakka öllum sem voru í loftinu meðan á ferðalaginu stóð og vona að menn hafi haft gaman af lesningu þessari.

73 deTF3LLN

ÍRA-póstur á vefnum

Mikil samskipti um málefni radióamatöra og félagsins ÍRA fara nær daglega fram á póstlistanum "irapostur" (í einu orði), á vef Yahoo. Ástæða er til að benda félagsmönnum á þennan lista, þar sem þar koma fram tilkynningar um ýmislegt sem er á döfinni hjá amatörum og umræður geta verið býsna áhugaverðar.

Til þess að skrá sig á listann er farið inn á vef Yahoo: <http://groups.yahoo.com> og þar má finna þennan póstlista með því að slá inn í leitargluggann (Find a Group): **irapostur**. Hver sem ætlar að nota listann þarf að skrá sig sem notandi á Yahoo. Umsjón með listanum hefur Hrafnkell, TF3HR: he@klaki.net.

Full slóð listans er

<http://groups.yahoo.com/group/irapostur/> og þar er unnt að lesa umræður og tilkynningar, en einnig er hægt er að stilla notkun þannig að notandi fái senda alla pósta af listanum, daglega samantekt eða enga – og þannig þarf aðgangur að listanum ekki að trufla aðra póstnotkun á netinu. Listinn er eingöngu opin félagsmönnum Í.R.A. og hér er því enn einn ávinningurinn af aðild að félaginu, sem hefur vefslóðina www.ira.is.

Alþjóða svarmerki IRC

Sæl öll. Athugið að það eru í gangi tvær gerðir af svokölluðum "alþjóða svarmerkjum" eða "Coupon-réponse international", sem t.d. sendandi qsl-korts sendir með til að greiða undir svarkortið til baka. Eldri gerðin er minni. Á hana er ekki prentaður neinn gildistími enda tekur pósturinn við henni þótt þeir miðar séu margra ára gamlir. Nýja gerðin er stærri. Á henni stendur hægra megin fyrir miðju fyrir ofan ferninginn "A échange jusqu'au 31.12.2006", sem þýðir að þeir falla úr gildi um næstu áramót. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu ef einhver ykkar eiga fyrningar af nýrri miðunum.

73 de TF3GB

Í.R.A. 60 ára

Reykjavík 16. ágúst 2006

Ágæti radióamatör.

Til hamingju með afmælið!

Félagið Íslenskir radióamatörar ÍRA fagnar 60 ára afmæli sínu um þessar mundir. Af þeirri ástæðu býður félagið til afmælisfagnaðar laugardaginn 2. september milli 14:00 og 17:00. Afmælisveislan verður haldin í Ásgarði, sal Félags eldri borgara að Stangarhyl 4 í Reykjavík. Félagið býður öllum sem fengið hafa leyfi sem radióamatörar svo og velunnurum sínum til að fagna með sér.

Á dagskrá verða fræðandi erindi um félagið og áhugamál okkar. Einnig verða til sýnis gömul og ný fjarskiptatæki. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Hafirðu ekki starfað með félaginu að undanförunu ertu einnig velkominn á félagskvöld öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 í félagsheimili okkar í Skeljanesi. Þar er alltaf heitt á könnunni, klúbbstöðin í loftinu og reglulega fróðleg og skemmtileg erindi og upptækur. Nánari upplýsingar um félagið má finna á vefslóðinni <http://www.ira.is/>.

Ef spurningar vakna varðandi afmælishátíðina má hafa samband við Þór Þórisson TF3GW varaformann ÍRA í síma 864 0925.

Hlökkum til að sjá þig!

73 de TF60IRA